



**SKÓLANÁMSKRÁ GULLBORGAR**



## Námskrá Gullborgar

### Efnisyfirlit

Uppfærslur .....	3
Saga leikskólans.....	4
Mótun námskrár.....	5
Hugmyndafræði og markmið leikskólans .....	5
Hlutverk kennara .....	6
Leikurinn .....	7
Hlutverk kennara í leik.....	8
Gildi leikskólans .....	8
Leiðarljós .....	9
Grunnþættir menntunar .....	9
Læsi.....	9
Sjálfbærni .....	9
Lýðræði og mannréttindi.....	9
Jafnrétti .....	10
Heilbrigði og velferð .....	10
Sköpun.....	10
Námssvið aðalnámskrár .....	10
Læsi og samskipti.....	10
Heilbrigði og vellíðan.....	11
Sjálfbærni og vísindi .....	13
Sköpun og menning.....	13
Markmið og leiðir sem byggja á áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar .....	15
Félagsfærni .....	15
Sjálfsþing .....	15
Læsi.....	16
Sköpun.....	16
Heilbrigði .....	17
Síðasta ár barnsins í leikskólanum.....	17
Ferilmappa.....	17
Menning og hefðir .....	19
Fjölmening.....	20



## Námskrá Gullborgar

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna .....	20
Samstarf og samskipti .....	21
Samstarf heimilis og leikskóla .....	21
Sérkennsla í leikskólanum .....	22
Samstarf og tengsl milli skólastiga .....	22
Samstarf við nærumhverfi.....	23
Mat á skólastarfi.....	23
-Innra mat.....	23
-Ytra mat.....	24
Áætlun innra mats 2024-2028.....	24



Námskrá Gullborgar

## Uppfærslur

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun og er reglulega verið að breyta henni og bæta við hana.

Fyrsta útgáfa: júní 2016

Síðasta uppfærsla: janúar 2019

Síðasta uppfærsla: nóvember 2019, út frá ytra mati 2018

Síðasta uppfærsla: október 2024

Síðasta uppfærsla: febrúar 2025



Námskrá Gullborgar

## Saga leikskólans

Leikskólinn Gullborg er við Rekagranda 14 í Reykjavík. Hann tók til starfa 1. júlí árið 1990 sem þriggja deilda leikskóli. Árið 1995 var fjórða deildin byggð við ásamt skrifstofu, þvottahúsi og aðstöðu fyrir útifatnað starfsfólks. Þann 1. október 2011 var fimmta deildin tekin í notkun. Deildirnar eru aldursskiptar og skiptast sem hér segir; Regnbogadeild, ca. 33 börn 5-6 ára, Græna deild, ca. 23 börn, 4-5 ára, Rauða deild, ca. 18 börn, 3-4 ára, Bláa deild, ca. 16 börn, 2-3 ára og Gula deild, ca. 9 börn, 18 mánaða – 2 ára börn. Leikskólinn skiptist í sex einingar; fimm deildir fyrir börnin, eldhús og starfsmannaaðstöðu. Haustið 2021 bættist við nýtt hús á lóð leikskólans. Þar eru elstu börnin til húsa. Skiptist deildin í 4 rými ásamt undirbúningsherbergi, fundarherbergi, eldhúsi og salerni. Í stærra húsi leikskólans er sameiginlegt miðrými sem notað er til hreyfileikja, frjálsra leikja, fyrir samkomur og máltíðir. Út frá miðrýminu er listaskáli. Í forstofu eru fataklefar og tengjast þar upprunaleg bygging og viðbygging.

Í leikskólanum starfa um 27 starfsmenn að meðaltali og í honum dvelja 96 börn samtímis. Í eldhúsi starfar matráður og einn aðstoðarmaður.

Leikskólinn Gullborg heyrir undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Gullborg starfar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (Menntamálastofnun, e.d.) á grundvelli 13.gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008 sem er leiðarvísir fyrir leikskólastarf. Hlutverk aðalnámskrár er að halda utan um menntun yngri barna, að tryggja að menntun barna sé í stöðugri þróun og er hún grundvöllur að mati á leikskólastarfi. Námskrá Gullborgar markar stefnu og hlutverk Skóla og frístundasviðs, Aðalnámskrár leikskóla og laga um leikskóla.

Leikskólastjóri: Rannveig Anna Ólafsdóttir

Netfang: rannveig.anna.olafsdottir@reykjavik.is

Aðstoðarleikskólustjóri: Sara Dögg Ólafsdóttir

Netfang: sara.dogg.olafsdottir@reykjavik.is

Leikskólinn Gullborg

Rekagranda 14, 107 Reykjavík

Netfang: gullborg@reykjavik.is

Heimasíða: [www.reykjavik.is/gullborg](http://www.reykjavik.is/gullborg)

Símanúmer: 411-3300



Námskrá Gullborgar

## Mótun námskrár

Í upphafi leikskólagöngu barns eru foreldrar spurðir hvaða vonir þeir binda við leikskólann og hvaða færni og þekkingu þeir vilja að barnið þeirra öðlist. Foreldrar vilja að barninu þeirra líði vel, sé í öruggu umhverfi, fái að þroskast og eignist vini. Þegar börn eru spurð hvað þau vilji læra í leikskólanum er svarið að þau vilji eignast vini og leika sér. Í starfsmannastefnu Gullborgar er markmiðið að leikskólinn hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum kennurum sem geta brugðist við sfbreytilegum þörfum leikskólans. Einnig er lögð áhersla á að kennarar hafi möguleika á að vaxa og dafna og finni til ábyrgðar og vellíðanar í starfi. Kennari er grunnurinn að því að barn finni fyrir öryggi og líði vel í leikskólanum, hann njóti þess að vera í samvistum við börnin og leiki sér í vinnunni. Við mótun námskrárinnar er tekið mið af þessum þáttum. Aðild barna, foreldra og kennara að skólanámskrá Gullborgar verður að sameiginlegu lærdómssamfélagi sem er í stöðugri þróun og mótun í takt við nýjungar í námsumhverfi barna. Foreldraráð kemur að mótun námskrár með tillögurétti og yfirlestri.


## Hugmyndafræði og markmið leikskólans

Hugmyndafræði og uppeldisstefna leikskólans er í beinum tengslum við væntingar barna, foreldra og kennara. Barn sem hefur sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu verður virkur þátttakandi í að hafa áhrif á nám og umhverfi sitt. Með því að hvetja börn áfram og ýta undir sjálfstæði þeirra í daglegu starfi öðlast þau sjálfstraust sem þau þurfa til þess að framkvæma það sem þeim hugnast. Þau finna til stolts yfir eigin getu sem hvetur þau til aukins sjálfstæðis og öryggis til að stofna til félagslegra samskipta og finna leikfélaga. Uppeldisstefna og hugmyndafræði Gullborgar snýst um þróun sjálfsmyndar barnsins og byggist á kenningum E. A. Erikson og A. H. Maslow.

Erikson leggur fram kenningu sem segir að við mótun sjálfsmyndar sé mikilvægt að grunnþörfum barnsins sé fullnægt. Hann skiptir þroska barnsins niður í nokkur skeið. Leikskólaaldurinn skiptist í þrjú skeið; í fyrsta lagi öryggi og traust, öðru lagi sjálfstæði og í þriðja lagi frumkvæði. Mikilvægt er að hlúa vel að fyrsta skeiði og að barnið upplifi sig á jákvæðan hátt til að því gangi vel á öðru skeiði o.s.frv. Á fyrsta stigi lærir barnið að bera traust til kennara sinna. Mikilvægt er að kennari bregðist við þörfum barnsins á jákvæðan hátt svo það takist. Á öðru stigi lærir barnið að upplifa heiminn á eigin spýtur. Þá er mikilvægt að hvetja börn áfram í að reyna að gera hlutina sjálft, því barn sem ekki fær að spreyta sig öðlast ekki sjálfstæði. Á þriðja stiginu, sem nær yfir síðasta ár barnsins í leikskólanum, tekur barnið þroskastökk. Barnið verður rólegra og hugsun þess breytist og verður rökréttari en áður. Barnið lærir að taka frumkvæði og þarf kennari að gæta þess að taka ekki fram fyrir hendur þess og stýra barninu of mikið, heldur vera styðjandi.

Hugmyndafræði Maslows um þróun sjálfsmýndar er stigskipt (þarfapíramídi Maslows) og snýst um að grunnþörfum hvers stigs sé mætt. Sé fyrsta stigi náð þá knýr það barnið á næsta stig og svo koll af kolli. Stigin eru líkamlegar þarfir, öryggisþörf, umhyggja, sjálfsvirðing og virðing frá öðrum sem eflir sjálfstæði einstaklingsins til að nýta hæfileika sína í samræmi við getu og þroska. Maslow taldi að barn gæti ekki náð upp á fimmta stig og fá að njóta sín sem fullmótaður einstaklingur nema að kröfum hinna fjögurra væri fullnægt. Samskipti í daglegu lífi í leikskólanum mótast af þessum kenningum.

### **Þarfapíramídi Maslows**



### **Hlutverk kennara**

Kennarinn er í lykilhlutverki í daglegu starfi með börnum í Gullborg og vinnur eftir Aðalnámskrá leikskóla. Kennarinn tileinkar sér gildi leikskólans og vinnur eftir starfsmannastefnu Gullborgar sem unnin er með hliðsjón af starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar, sjá á heimasíðu [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is). Kennarinn vinnur eftir starfsaðferðum og dagskipulagi sem byggir á að leikurinn er aðal náms- og þroskaleið barnsins. Hann hlustar á barnið og tekur mið af óskum þess og skoðunum. Öll samskipti kennara við börn skulu vera uppbyggileg. Kennarinn mætir börnum ávallt með virðingu, af athygli og öryggi. Hann sýnir virðingu með því að viðurkenna tilfinningar, hugmyndir og upplifanir barnanna og að allar skoðanir séu jafnar. Hrós og hvatning frá kennara er mikilvægur þáttur í að byggja upp sjálfsöryggi hjá barninu; þar með er hegðun, athöfn og tilfinningar viðurkenndar á jákvæðan hátt.

Kennarinn vinnur eftir jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem börn og kennarar njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Kennarinn er fyrirmynd með daglegri framkomu



Námskrá Gullborgar

sinni, viðhorfum, orðum og gjörðum. Kennarinn tileinkar sér sáttmála þar sem gagnkvæm jákvæð tengsl, tillitssemi, umburðarlyndi og kurteisi í framkomu skiptir miklu máli í samskiptum í leikskólanum.

Starfsmenn mótuðu sáttmála skólans í sameiningu og er hann hafður að leiðarljósi hvern vinnudag.

#### *Sáttmáli Gullborgar*

*Vinsamlega veldu um leið og þú kemur inn á þennan vinnustað að gera daginn í dag að góðum degi.*

*Vinnufélagar þínir, börnin, foreldrar, aðrir samstarfsaðilar og þú sjálf/ur verða þér þakklát.*

*Finndu leiðir til að leika þér.*

*Við getum tekið vinnuna alvarlega án þess að taka okkur sjálf alvarlega.*

*Haltu athygli þinni svo að þú verðir til staðar þegar aðrir þarfnast þín mest.*

*Finndu einhvern sem þarf á hjálp að halda, uppörvandi orð eða góðan hlustanda.*

*Gerðu honum daginn eftirminnilegan.*

*Stephen C. Lundin, Harry Paul og John Christensen*

Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju starfsfólki með sérstakri móttökuáætlun og handleiðslu. Í leikskólanum er unnið eftir starfsaðferðum sem kennarar hafa mótað og sett fram til þess að allir vinni á sama hátt til að auka öryggi, sjálfstraust og vellíðan í starfi. Þannig er reynt að tryggja að unnið sé með börnunum á þann hátt að markmið leikskólans séu höfð í öndvegi.

## **Leikurinn**

Leikurinn er aðal tjáningarform og námsleið barnsins. Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla. Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans. Með sjálfsprottum leik er til dæmis átt við hlutverkaleik, byggingaleik og ærslaleik en þar þurfa börn að læra að setja mörk. Sjálfsprottinn leikur er atferli sem börn hafa frumkvæði að og sé ekki stýrður af fullorðnum. Barn í leik er kjarninn í uppeldisstarfinu í leikskólanum til að ná þeim gildum sem námskrá leikskólans setur fram.

Barnið fær nægan tíma til leiks með þroskavænlegum leikföngum og viðeigandi efnivið. Kennarar taka þátt í leik barna út frá starfsaðferðum sem þeir hafa sett sér í daglegu starfi. Í leik velja börn sér sjálf leikefni og unnið er út frá hugmyndum barna. Þau fá tækifæri til að taka sjálf ákvarðanir og koma skoðunum á framfæri. Í útivist er stuðlað að hollri hreyfingu með skemmtilegum leikjum í jákvæðu, skapandi og öruggu umhverfi.

Námskrá Gullborgar

### Hlutverk kennara í leik

Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum. Kennari skal vera til staðar, styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barna og leiksins. Einnig er mikilvægt að kenna börnum að leika sér ef þess er þörf. Kennarar skrá og ígrunda leik barna og hvetja þau til að takast á við ný og framandi viðfangsefni. Þá er mikilvægt að skipuleggja námsumhverfið og bjóða fram kveikjur og efnivið sem grípur athygli barna og vekur áhuga þeirra á að nýta sér hann í leik.

### Gildi leikskólans

Gleði, sköpun og vinátta.

Barn sem hefur sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu verður virkur þátttakandi í að velja og hafa áhrif á nám og umhverfi sitt í gegnum gleði, sköpun og vináttu.





Námskrá Gullborgar

## Leiðarljós

- Að barnið öðlist sjálfsöryggi (það sem barnið er) og sjálfstraust (það sem barnið lærir) og að þetta tvennt haldist í hendur.
- Að barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og læri að treysta á eigin verðleika.
- Að barnið finni öryggi, kunni að sýna frumkvæði og að taka tillit til annarra.
- Að barnið öðlist færni í að þekkja sínar eigin tilfinningar og skoðanir, setja öðrum mörk og að koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra.
- Að barnið öðlist færni, leikni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, tækifæra til breytinga og að hafa áhrif á námsumhverfi sitt.
- Að barnið finni að það er virkur þátttakandi í að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem auka hæfni í mótun sjálfsmyndar.

## Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar í Aðalnámskrá leikskóla (Menntamálastofnun, e.d.) er sú menntastefna sem á sér stoð í löggjöf fyrir leikskóla. Grunnþættir menntunar eru *læsi*, *sjálfbærni*, *lýðræði*, *mannréttindi*, *jafnrétti*, *heilbrigði*, *velferð* og *sköpun*. Grunnþættirnir tengjast uppeldisstefnu og hugmyndafræði leikskólans þar sem viðhorf og samskipti í daglegu lífi í leikskólanum endurspeglast í samskiptum barns og kennara.

### Læsi

Læsi er samspil kunnáttu og færni sem barn þarf að öðlast til að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið ritaðan texta (lesið). Barn þarf að fá tækifæri til að lesa í alls kyns mál eða tákni og þjálfun í að búa til ýmiss konar efni sem fjölga lestraraðferðum. Umhverfið ýtir undir áhuga og forvitni hvað varðar form, ritun, læsi, sögugerð, rím, túlkun, sköpun, stafagerð, stafaröðun, tákni, málörvun, mismunandi efnivið, fræðslu, hljóðkerfisvitund, merkingar, mismunandi tæki og tækni. Markmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskrifa og umskapa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp miðla og tækni.

### Sjálfbærni

Sjálfbærni er að kenna barni að þekkja, skilja og virða náttúruna og skilja mikilvægi samspils umgengni og virðingar og ábyrgð okkar á umhverfinu. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, virka þátttöku barna í daglegu starfi leikskólans og

### Lýðræði og mannréttindi

Barn lærir lýðræði í umhverfi þar sem það er í hávegum haft. Allt nám þarf að taka mið af skoðunum barna og getu. Allir eiga rétt á að búa við góð skilyrði og mannréttindi.



Námskrá Gullborgar

### Jafnrétti

Jafnrétti er að skapa skal tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi jafnréttis og viðsýnis. Leikskólinn skal vera samfélag allra og gefa öllum tækifæri til jafnréttis og réttlætis. Kenna börnum gagnrýna hugsun og greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra, hvort sem um að ræða kyn, trúarbrögð, lífsskoðun, litarhátt, fötlun, fjárhag, efnahag, samfélagsstöðu, kynhneigð, búsetu, menningu, stétt, tungumál, þjóðerni eða ætterni.

### Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Þetta ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan barna allan þann tíma sem þau dvelja í leikskólanum.

### Sköpun

Nám (sköpun) á sér stað þegar barn bregst við áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Sköpun er meðfædd forvitni og athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði. Sköpun byggist á forvitni, áskorun og spennu, gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir ferlið meira máli en sjálfur afraksturinn. Að skapa er að fara út fyrir hið þekkt til að auka þekkingu í leik og starfi.

### Námssvið aðalnámskrár

Námssvið leikskólans taka mið af grunnþáttum menntunar og af daglegu starfi í leikskólanum. Þau mynda samþætt og skapandi leikskólastarf með gildi leikskólans að leiðarljósi. Kennarinn miðlar þekkingu af fagmennsku þar sem barnið fær yfirsýn yfir eigin getu og nýtir sér hana til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

### Læsi og samskipti

Í Gullborg er unnið samkvæmt læsisstefnu [Skóla- og frístundasviðs](#). Orðið „læsi“ notum við í víðum skilningi orðsins; er þá átt við þekkingu, leikni og hæfni barns til að lesa í eigið umhverfi og tjá upplifun sína á fjölbreyttan hátt.

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskiptum við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Sem fyrr er leikurinn þungamiðjan í öllu námi barna í leikskólanum. Börn eiga í góðum samskiptum við hvort annað þar sem þau eru hvött til að leysa ágreiningsmál sjálf.



Námskrá Gullborgar

Í gegnum lestur, tónlist, myndlist og framsögn fær barnið enn frekari tækifæri til að efla hinar skapandi hliðar læsi. Á hverjum degi fara börnin í samverustundir, lengd þeirra fer eftir aldri barna og úthaldi. Í samverustundum er ýmist lesið, söngur, leikir, sögur, hlustað á tónlist af ýmsum toga og börnin fá að spreyta sig í framsögn.

Börn fá að fara frjálsum höndum með þau verkefni og viðfangsefni sem þau fást við hverju sinni. Þeim er ekki stýrt, heldur er áhersla á valdeflingu og sjálfstæði þeirra.

Börn fara mikið í vettvangsferðir og eigum við gott samstarfi við nærsamfélagið þar sem börn kynnast fjölbreyttu umhverfi sem víkkar sjóndeildarhring þeirra. Vettvangsferðir eru bæði stuttar og langar og eru mismunandi eins og þær eru margar, allt frá því að fara á næsta leikvöll yfir í stórar leikhúsheimsóknir eða safnaheimsóknir. Við erum í samstarfi við Grandaskóla og aðra leikskóla í hverfinu.

### Heilbrigði og vellíðan

Í leikskólanum læra börnin um heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan (Menntamálastofnun, e.d.). Í Gullborg er lagður grunnur að heilbrigðum lífsstíl og almennri vellíðan barna og kennara. Leikskólinn leggur sérstaka áherslu að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólasterfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nær samfélag og starfsfólk.

Lögð er rík áhersla á að barnið fái hollan og góðan mat úr fersku hráefni og er lagt mikið upp úr því að fjölbreytni í hráefnavali og matreiðslu sé fyrir hendi. Eldhúsið á Gullborg fer eftir ráðleggingum frá [Embætti landlæknis um næringu ungabarna](#) og [handbók fyrir leikskólaeldhús](#) sem er einnig gefin út af Embætti landlæknis. Starfsmenn eldhússins hafa líka kynnt sér og fara eftir bæklingnum um [fæðuofnæmi og fæðuóþol](#) gefinn út af Reykjavíkurborg.

Börnin fá tækifæri í sjálfstæðum athöfnum daglegs lífs og eins og unnt er. Þeim er kennt að þvo hendur eftir útiveru, salernisferðir og fyrir matartíma. Börn er hvött til að klæða sig sjálf og kennari er alltaf til staðar til að hvetja og aðstoða. Það hefur góð áhrif á sjálfsmyndina að hafa trú á eigin getu.



## Námskrá Gullborgar

Í Gullborg er fjölbreyttur efniviður og umhverfi sem ýtir undir gróf- og fínhreyfiþroska, t.d. að púsla, perla og leika með ýmsar tegundir kubba. Börnin fara í útivist einu sinni á dag og stundum oftast ef veður leyfir. Við förum í mikið af vettvangsferðum bæði stuttum og löngum til að auka úthald og þrek. Þar fá börnin að hreyfa sig frjálst og óhindrað.

Slökun og hvíld er stór þáttur í almennri vellíðan. Yngstu börn leikskólans fara í hvíld þar sem þau sofa. Þegar börnin verða eldri og hætta að sofa er reynt að halda áfram með hvíldar stundir og hlusta t.d. á rólega tónlist eða sögu. Elstu börnin fara í lengri samverustundir þar sem er komið inn rólegri stund, hlustað á tónlist, sögu eða hlusta einfaldlega á þögnina í smá tíma.

Heilbrigði og velferð byggist einnig á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Markmiðið er að allt skólastarf efli heilbrigði og stuðli markvisst að velferð og vellíðan barna allan þann tíma er þau dvelja í leikskólanum. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin (Menntamálastofnun, e.d.).



Alltaf er tekið vel á móti börnunum þegar þau koma í leikskólann, þeim er mætt með hlýju og skilningi. Börn eru alltaf kvödd með sama viðmóti og þeim þakkað fyrir daginn þegar þau fara úr leikskólanum. Mikið er lagt upp úr góðum samskiptum milli kennara og barna og eru kennarar alltaf að endurskoða og rýna í hvernig þeir tala við börnin. Samskiptin einkennast af hlýju, umhyggju og skilningi.

## Sjálfbærni og vísindi

Frá fyrstu stund beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börn eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir.

Námsumhverfi Gullborgar, jafnt úti sem inni, er hvetjandi og ýtir undir forvitni, vangaveltur og ígrundun á umhverfinu sem börnin fá að kanna og rannsaka. Útisvæðið okkar er stórt og mikið og hefur að geyma mikið af allskonar lífverum og plöntum sem gaman er að skoða allan ársins hring. Við erum líka heppinn að leikskólinn er staðsettur nálægt fjöru og hún er nýtt í margar ferðir að skoða plöntu- og dýralífið. Börnum er kennt hvernig eigi að koma fram við umhverfið og bera virðingu fyrir því og lífverum þess. Börnin fara í margar aðrar vettvangsferðir til að skoða náttúruna, lífverur þess og umhverfið almennt.

Eininga- og holukubbar eru mikið notaðir í starfi Gullborgar. Þar öðlast barnið færni í stærðfræði og afstöðuhugtökum, rýmisgreind þeirra eykst, sem og hugtakaskilningur. Tölur og form eru sýnileg í leikskólanum t.d. hanga uppi afmælisdagatöl með nöfnum og tölum á öllum deildum. Við notum mikið tölur, tákni og form í daglegu tali sem og söng.



## Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleði, tjáningu og námi sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Þar skiptir leikurinn miklu máli því í leik virkjast sköpunarkraftur barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar (Menntamálastofnun, e.d.).

Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að skapa og túlka úr fjölbreyttum efnivið og kanna eðli hluta og eiginleika þeirra. Börnin fá að velja sjálf þann efnivið sem þau vilja nota til að skapa verkin sín. Efniviðurinn er flestur í þeirra hæð og reynt að gera hann eins aðgengilegan börnunum og möguleiki er á. Sköpunarþörf barna er mikil og tjá þau tilfinningar sínar í gegnum sköpun þegar þau fá frelsi til þess. Reynt er eftir mesta megni að setja ekki tímamörk á sköpunarferli barnanna heldur leyfa þeim að ráða ferðinni sem mest.

## Námskrá Gullborgar


Öllum börnum er boðið að búa til sinn eigin búning fyrir öskudaginn og byrjar ferlið um áramót. Áhersla er lögð á jafnréttisáætlun leikskólans í þessari vinnu. Horft er á allt ferlið fremur en bara útkomuna. Hlutverk kennarans er því að skrá niður sköpunarferli barnanna og taka mikið af myndum sem fá síðan að fylgja öllum verkum. Markmiðið er að barnið sjái sig sem skapandi einstakling þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín í allri sinni mynd.

Í Gullborg er myndlist og sköpun mikið notuð og er hún fléttuð inn í nánast allt starf með börnunum. Góð tengsl eru við nærumhverfið sem eykur fjölbreytileika starfsins. Tónlist, söngur, sögu- og ljóðagerð er einnig mikilvægur þáttur í starfi Gullborgar og er leikskólinn virkur þátttakandi í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur og öðrum menningarviðburðum sem eru í boði hverju sinni.

Á hverjum föstudegi er haldin söngstund í sal. Hver deild syngur eitt lag sem þau hafa æft yfir vikuna. Einnig er sunginn afmælisöngurinn fyrir öll afmælisbörn Gullborgar þá vikuna. Yfir desember meðan jólasveinarnir eru að koma til byggða hittast deildirnar í salnum á hverjum morgni þar sem næsti jólasveinn er kynntur og sungin nokkur jólalög. Börnin fá að hlusta á mikið af tónlist og fá kynningu á öllum tegundum tónlistar.

Leikskólinn hefur oft verið það heppinn að hafa starfandi tónlistarfólk.

Mikið er lesið í Gullborg og hafa börnin greiðan aðgang að bókum. Vettvangsferðir á bókasafnið til að sækja fleiri bækur eru tíðar og þá sérstaklega á eldri deildum leikskólans. Bæði er lesið mikið fyrir börnin og með þeim. Bækur eru valdar með hliðsjón af jafnréttisáætlun Gullborgar.





Námskrá Gullborgar

## Markmið og leiðir sem byggja á áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar

Í Gullborg er unnið samkvæmt menntastefnu Reykjavíkurborgar sem fellur undir skóla- og frístundasviðs borgarinnar. Markmiðið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Nýjungar og þróun í starfsháttum þurfa að ná til barna þannig að þeim standi til boða námsumhverfi þar sem þeim líði vel, fari stöðugt fram, þau öðlist færni, menntun, leikni, þekkingu og getu fyrir líf og starf.

### Félagsfærni

#### Markmið: Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar segir: *Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.*

#### Leiðir að markmiðum:

- Börn fá nægan tíma og rými í leik sem er góð námsleið að aukinni félagsfærni.
- Kennarar eru fyrirmyndir og koma fram af virðingu og umburðarlyndi.
- Kennarar hafa jákvæð samskipti að leiðarljósi og styðja við uppbyggileg samskipti barna
- Kennarar leggja áherslu á að öll börn tilheyri og séu virkir þátttakendur í daglegu starfi.

### Sjálfsfelling

#### Markmið: Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar segir: *Sjálfsfelling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsfelling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.*



Námskrá Gullborgar

### **Leiðir að markmiðum:**

- Börn fá nægan tíma og rými fyrir leik ásamt tækifæri til að leysa úr ágreiningi.
- Börn eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börn fá verkefni við hæfi.
- Kennarar hvetja og hrósa.

## **Læsi**

### **Markmið: Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi**

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar segir: *Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.*

### **Leiðir að markmiðum:**

- Börn fá nægan tíma og rými í leik þar sem þau læra að lesa í aðstæður, umhverfi og tilfinningar.
- Ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn eru sýnileg í umhverfi leikskólans.
- Kennarar hvetja börn til gagnrýninnar og skapandi hugsunar.
- Kennarar virða skoðanir barna og hvetja börn til að taka þátt í umræðum og deila hugmyndum.

## **Sköpun**

### **Markmið: Skapandi hugur og hönd**

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar segir: *Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.*

### **Leiðir að markmiðum:**

- Börn fá nægan tíma og rými í leik til að vera skapandi.
- Efniviður er fjölbreyttur og aðgengilegur börnum.
- Lögð er áhersla á ferli sköpunar og upplifun barna frekar en útkomu.
- Börn eru hvött til skapandi hugsunar.



Námskrá Gullborgar

## Heilbrigði

### Markmið: Heilbrigði, lífsstíll og vellíðan

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar segir: *Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.*

### Leiðir að markmiðum:

- Börn fá nægan tíma og rými í leik sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan.
- Leikskólinn stuðlar að hollum og næringarríkum mat.
- Börn eru hvött til að tjá tilfinningar sínar og þarfir.
- Jákvæð samskipti eru lykillinn að vellíðan og sterkri sjálfsmynd barna.

## Síðasta ár barnsins í leikskólanum

Á síðasta ári barnsins í leikskólanum fær það enn markvissara tækifæri til að vinna úr námskrá frá yngra skólastigi þar sem barnið hefur öðlast sterkari sjálfsmynd með trú á eigin getu sem virkur þátttakandi í að velja og hafa áhrif á nám og umhverfi sitt. Á því ári nýtir barnið alla þá færni, leikni, þekkingu og getu til framkvæmda og hæfni til að nýta reynslu sína til breytinga. Börnin setja sér markmið um hvaða færni það vill ná á síðasta ári í leikskólanum. Markmiðið er skráð og metið með barninu, foreldrum og kennara. Barnið vinnur að þessari færni í gegnum grunnþætti menntunar, námssviðin og aðalnámskrá.

## Ferilmappa

Markmið ferilmöppu er að skrá og gera þroskaferli barnsins í leikskólanum sýnilegra. Gefur það barninu, foreldrum þess og kennurum góða yfirsýn yfir þá þætti sem skipta mestu máli í uppvestinum. Frá upphafi leikskólagöngu byrjar barnið að móta sína eigin ferilmöppu eftir aldri og þroska. Möppurnar eru aðgengilegar fyrir börnin til þess að skoða heimildir um sig sjálf, sem styður við sjálfstraust þeirra og hvað annað sem ýtir undir virðingu fyrir fjölbreytileikanum og sérstöðu hvers og eins.



Námskrá Gullborgar

**Dæmi um það sem er í ferilmöppum:**

- Fjölskyldumynd
- Sjálfsmynd
- Skráning vegna jólagjafa
- Afmælisráning
- Skráning vegna öskudagsbúninga
- Barnaspurningar
- Leikskráningar
- Skráningar vegna UNICEF verkefnis



Námskrá Gullborgar

## Menning og hefðir

Frá opnun leikskólans hafa kennarar, börn og foreldrar skapað ákveðna menningu og hefðir sem taka breytingum þegar það á við. Við skiptum leikskólastarfinu í vetrarstarf; frá 1. september til 31. maí og sumarstarf; frá 1. júní til 31. ágúst.

- ✓ September: Aðlögun barna. Undirbúningur fyrir starf vetrarins. Starfið kynnt fyrir foreldrum á morgunfundi á hverri deild.
- ✓ Október: Deildarstjórar bjóða foreldrum í foreldrasamtöl. Starfsþróunarsamtöl leikskólastjóra við kennara byrja.
- ✓ Nóvember: Fulltrúar í stjórn foreldrafélags Gullborgar sjá um deildasamveru fyrir foreldra. Undirbúningur aðventu hefst og piparkökur bakaðar með börnum í lok mánaðar.
- ✓ Desember: Áhersla er lögð á að njóta adventunnar. Leikskólinn er skreyttur ljósum og jólaföndri barnanna. Einnig er hefð fyrir jólamat í sal þar sem deildirnar koma saman og borða íslenskan hátíðamat. Jólatré er skreytt og stendur í sal leikskólans. Dansað er í kringum jólatréð, jólasöngvar eru sungnir og jólasveinninn kemur í heimsókn. Foreldrum er svo boðið seinna um daginn að koma og gæða sér á piparkökum sem börnin hafa bakað ásamt heitu súkkulaði.
- ✓ Janúar: Jólin kvödd á þrettándaðanum. Á Bóndadag er foreldrakaffi og í hádeginu þann dag fá börnin að smakka þorramat. Öskudagsbúningagerð hefst.
- ✓ Febrúar: Á bolludaginn er börnunum boðið upp á fiskibollur í hádeginu og rjómobollur í síðdegishressingu. Á sprengidaginn er börnum og starfsfólki boðið upp á íslenska kjötsúpu. Á öskudaginn er öskudagsball í salnum. Þá er kötturinn sleginn úr tunnunni og boðið er upp á hollt góðgæti. Á konudaginn er foreldrum boðið í morgunkaffi í tilefni dagsins.
- ✓ Mars: Starfsþróunarsamtöl leikskólastjóra við kennara byrja.
- ✓ Apríl: Leikskólinn tekur þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar sem haldin er ár hvert. Deildarstjórar bjóða foreldrum í foreldrasamtöl.
- ✓ Maí: Elstu börnin fara í heilsdags útskriftarferð. Útskrift elstu barna fer fram í mánuðinum. haldin. Foreldrum er boðið að vera við athöfnina og þiggja veitingar að útskrift lokinni.



## Námskrá Gullborgar

- ✓ Frá 1. júní til 31. ágúst einkennist leikskólastarfið af útivist og vettvangsferðum um nágrenni og nær samfélag leikskólans.
- ✓ Júní: Sumarhátíð leikskólans. Útivera og vettvangsferðir.
- ✓ Júlí/ágúst: Sumarlokun leikskólans er í 4 vikur. Börn fara að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi í tengslum við sumarlokun leikskólans.
- ✓ Ágúst: Útivera og vettvangsferðir. Aðlögun barna.

## Fjölmenning

Gullborg vinnur eftir fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar

([http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna\\_uppsett.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf)).

Markmið þessarar stefnu er að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti sem taka mið af margbreytileika mannlífsins, styðja við virkt tvítyngi og samstarf við foreldra. Í leikskólanum höfum við mótað okkar eigin hefðir sem við höfum í heiðri, en foreldrum er ávallt velkomið að koma og kynna hefðir síns heimalands og fræða börn og starfsmenn um þeirra menningu ef vilji er fyrir hendi. Móðurmál barnsins er viðurkennt sem tungumál þess, en stutt er við íslenskunám með málörvun og leik og fylgst er með framvindu með skráningum á skilningi, tjáningu og orðaforða.

## Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í Gullborg er unnið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992 og lögfestur árið 2013. Gullborg varð réttindaskóli UNICEF vorið 2024. Flokka má réttindi barna í þrennt; *vernd, umönnun og þátttöku*.

Fjórar greinar sáttmálans fela í sér grundvallarreglur sem eru rauður þráður í gegnum allan sáttmálann og tengja saman ólík ákvæði hans. Ef önnur ákvæði Barnasáttmálans vega á móti hvort öðru varðandi túlkun þeirra er sérstaklega mikilvægt að hafa þessar grundvallarreglur í huga. Greinarnar fjórar eru:







## Námskrá Gullborgar

Í Gullborg er unnið samkvæmt IV. kafla 17gr. Barnaverndarlaga um tilkynningaskyldu. Ef barn býr við óviðunandi uppeldisskilyrði, verður fyrir áreitni eða ofbeldi eða ef barn stofnar heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, er kennara skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Fylgst er með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu eins og lýst er í 1. mgr. Tilkynningaskylda kennara gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

## Sérkennsla í leikskólanum

Í Gullborg fer fram sérkennsla í samræmi við sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2009. Þjónusta við fötluð börn er veitt samkvæmt Lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, Barnalögum nr. 76/2003 og Barnaverndarlögum nr. 80/2002. Við endurskoðun sérkennslustefnunnar var einnig stuðst við Salamanca-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Aðalnámskrá leikskóla.

Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Hér er bæði átt við börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og börn sem ætla má að vinni bug á erfiðleikum sínum eftir íhlutun.

Unnið er samkvæmt hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar og snemmtæka íhlutun. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafngildi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánú samstarfi við foreldra þess. Stefnt skal að því að þörfum barns fyrir sérkennslu sé mætt að mestu innan barnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki, heldur aðlagist hópnum vel, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins.

## Samstarf og tengsl milli skólastiga

Markmið með samstarfi og tengsla milli skólastiga er að auka samfellu í uppeldi og menntun barnsins svo það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Markmiðið er einnig að skapa vettvang til frekara samstarfs milli barna, kennara og foreldra með það fyrir augum að móta samfellu og heildarumgjörð utan um skóla- og frístundastarf í Vesturbænum. Markmiðið er að samræma eins og hægt er, áherslur mismunandi stofnana, fjalla um sameiginleg málefni er varða börnin, kennara og foreldra, sem og að auka samskipti nemenda þvert á skóla og skólastig, að nýta betur húsnæði þvert á stofnanir og sameiginleg verkefni og endurmenntun starfsmanna.



Námskrá Gullborgar

Samstarf milli leikskólans og Grandaskóla nær yfir allt skólaárið með heimsóknum milli skólastiga, samvinnu verkefna og viðburði. Niðurstöður úr Hljóm-2 fylgir hverju barni í grunnskólann.

### **Samstarf við nærumhverfi**

Markmiðið er að tryggja börnum í Vesturbænum samfellu í námi og félagsstarfi og eins góða þjónustu og kostur er. Mikill metnaður er í að þróa og betrumbæta samfellu milli skólastiga, t.d. með þátttöku í þróunarvinnu milli stofnana.

### **Mat á skólastarfi**

#### **-Innra mat**

Í Gullborg fer fram reglubundið mat á starfi leikskólans bæði óformlegt og formlegt mat. Óformlegt mat er í formi funda, daglegum samskiptum og umræður. Niðurstöður eru skráðar og umbætur gerðar strax ef þurfa þykir. Formlegt mat er samvinnuverkefni, mat á starfi leikskólans út frá námskrá Gullborgar. Matið er unnið út frá matsáætlun sem leikskólinn hefur sett sér til lengri eða skemmri tíma. Mats ferlið er samofið daglegu og skipulögðu starfi sem felst í skipulagningu, reglubundinni upplýsingaöflun, skráningum, ígrundun á námi, námsleiðum, almennum þroska barnsins, öflun gagna um leikinn, útiveru og líðan og velferð barna. Matið er úrbótamiðað til að aðlaga námsumhverfið og kennsluaðferðir að þörfum barnsins. Matið endurspeglar námsumhverfið og kennsluaðferðir Gullborgar að áhuga og margbreytileika barna í umhverfi leikskólans í verkefnum, styrkleika og hæfni barna, efnivið og aðferðum. Þannig er tryggt að áframhaldandi nám er skipulagt og að öll börn fái menntun, uppeldi og umönnun við hæfi. Allir hagsmunaaðilar koma að innra matinu; starfsfólk, foreldrar og börn. Matsferlið er hringlaga sem skiptist í skipulag matsins, gagnaöflun, greining og mat, niðurstöður og umbætur.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd og virkni innra mats og að sameiginleg sýn skólasamfélagsins í Gullborg sé um gagnsemi þess. Á hverju vori vinna starfsmenn leikskólans að umbótaráætlun allra deilda ásamt sérkennslu og stjórnenda. Sett eru fram markmið um starf skólans. Þá fylla börn út matslista með aðstoð foreldra einu sinni á ári. Þar meta börn eigin líðan í leikskólanum og hafa tækifæri til að skrá niður eitthvað sem þau óska sér að breyta eða bæta í leikskólastarfinu. Einnig meta börn á deildum leikskólastarfið með stöðumati UNICEF, öryggiskönnun og fundum réttindaráðsleikskólans o.fl. Þar er um að ræða hópmiðað mat. Niðurstöður innra mats eru birtar í starfsáætlun leikskólans ár hvert og birt á heimasíðu leikskólans.



Námskrá Gullborgar

### **-Ytra mat**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarstjórn hafa eftirlit með því að leikskólinn samræmist leikskólalögum, reglugerðum og Aðalnámskrá. Sveitarstjórn metur ytra starf skólans út frá skólanámskrá leikskólans, starfsáætlun, innra mati leikskólans, skólastefnu sveitarfélagsins og sérstöðu leikskólans. Stjórnendur leikskólans, sveitarfélag og ráðuneyti fylgja niðurstöðunum eftir. Einnig eru niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og starfsfólki og á vefsíðu leikskólans.

### **Áætlun innra mats 2024-2028**

Áætlun innra mats tryggir að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái menntun og þjónustu samkvæmt lögum um leikskóla. Einnig stuðlar innra matið að auknum gæðum og umbótum í skólaþróun leikskólans.

## Áætlun innra mats 2024-2028 með fyrirvara um breytingar

Viðfangsefni	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
<b>Stjórnun:</b>				
Stjórnendur sem faglegir leiðtogar, þróun gæðastarfs deildastjóra og yfirmanna.	x			
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur				
Leikskólaþróun, símenntun og innra mat				
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
<b>Uppeldis- og menntastarf:</b>				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám- Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna				
Námssvið leikskólans				
Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans				
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
<b>Mannauður:</b>				
Hlutverk leikskólakennara				
Fagmennska starfsfólks				
Starfsánægja			x	
<b>Leikskólabragur:</b>				
Viðmót og menning	x			
Velferð og líðan barna				x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		
Viðhorf foreldra			x	
<b>Innra mat:</b>				
Skipulag og viðfangsefni				
Gagnaöflun og vinnubrögð				
Opinber birting og vinnubrögð				
Opinber birting og umbætur				